



Lengd viðvera –
Kátakot 2015

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Hulda Laxdal Hauksdóttir,
skólastjóri
6. júlí 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt	3
Niðurstöður	4
Umbótaáætlun 2015 – 2016	7

Inngangur

Lengd viðvera fyrir nemendur í 1.- 4. bekk er rekin af sveitrafélaginu og er til húsa í lausum stofum á bak við Hafnarskóla. Húsnæðið hefur verið samnýtt með tónmenntastofu skólans. Opnunartími er kl. 13:30 - 16:00 alla virka daga á starfstíma skóla. Lengda viðveran ber nafnið Kátakot.

Í Kátakoti er ýmislegt gert sér til skemmtunnar. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að öllum líði vel og að viðmótið sé afslappað og heimilislegt. Eftir langan og oft strangan vinnudag er mikilvægt að börnin fái leiktíma þar sem þau skipuleggja tíma sinn að mestu sjálf í gegnum val á verkefnum en starfsmenn sjá um að hafa alltaf spennandi valkosti í boði. Inni við er vinsælt að leika í margvíslegum leikjum s.s. hlutverkaleikjum, bíla-, bú- og heimilisleikjum. Einnig er gott að skipta yfir í rólegri leiki svo sem að lita og fönndra, lesa, spila og púsla eða bara slappa af á dýnum og í púðunum. Börnunum gefst einnig kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Við skólann er aparóla, kastali og fleiri leiktæki ásamt svæðum þar sem hægt er að fara í allskonar boltaleiki. Í Kátakoti býðst börnunum einnig sá möguleiki að sinna heimanámi en það er þó frjálst og fer m.a. eftir óskum foreldra. Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla en fara þá ein á milli húsa. Starfsmenn Kátakots eru þrír og munu reglulega standa fyrir spennandi uppákomum s.s. heimsóknum á áhugaverða staði, gönguferðum, útileikjum, útinestistímum o.fl.

Skólaárið 2014 – 2015 voru um 20 börn skráð í lengda viðveru í Kátakot og er það færra en undanfarin ár.

Starfsmenn í lengdri viðveru eru þrír eins og áður segir, tveir sem vinna einnig í grunnskólanum og einn sem aðeins vinnur í Kátakoti. Í vetur var ráðinn starfsmaður til að sinna sérstaklega fötluðum nemanda en sá starfsmaður hætti eftir skamman tíma. Nemandinn aðlagðist mjög vel dvölinni í Kátakoti og sinntu fastir starfsmenn þrófum hans.

Könnunin

Spurningar voru sendar í tölvupósti til foreldra barna sem voru í 1. - 4. bekk skólaárið 2014-2015 19. júní 2015 í gegnum Outcome vefkönnunartækið sem notað hefur verið í öðru sjálfsmati skólans. Um 20 börn nýttu sér þjónustuna í lengdri viðveru í Kátakoti þenna vetur.

40,9% foreldra þeirra barna sem eru í þeim árgöngum sem kost hafa á að nýta sér lengda viðveru í Kátakoti svöruðu könnuninni. Eins og áður hefur komið fram voru um 20 börn skráð í Kátakot og svöruðu 38 foreldrar könnuninni, 25 sem ekki eru að nýta sér þjónustuna og 13 foreldrar þeirra 20 barna sem voru skráð í lengda viðveru. Aðeins var gert ráð fyrir einu svari í tengslum við hvert barn og foreldrar voru hvattir til að koma sér saman um svar við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í könnuninni.

Vegna þess hve fáir svara könnuninni er ekki unnt að nota sömu úrvinnsluaðferð og notuð hefur verið við aðrar viðhorfakannanir skólans. Í stað þess að flokka niðurstöður eftir þeirri reiknivél er lagður til grundvallar sá fimm stiga svarmöguleiki sem foreldrar voru beðnir um að merkja inn á þar sem 5 er best og 1 verst. Við útreikning eru stig 3, 4 og 5 reiknuð saman (merkt A í skýrslu) og stig 1 og 2 reiknuð saman (merkt B í skýrslu). Ef niðurstaðan í A nær 80% er staðan metin mjög góð, 70 - 79% ásættanleg og 69% og þar fyrir neðan er metið sem óásættanlegt. Þessi útreikningur er aðeins gerður á spurningum sem við á, þ.e. þar sem spurt er um mat foreldra út frá fyrrgreindum kvarða. Eins og fram kemur í spurningunum sem fylgja hér á eftir gafst foreldrum kostur á að koma með almennar ábendingar í textasvörum til viðbótar því að svara beinum spurningum.

Samantekt

Aðeins voru tvær spurningar sem reiknaðar voru út m.t.t. gæða, spurningin um mat foreldra á starfseminni og mat þeirra á líðan barnanna. Einnig var spurt um mat foreldra á aðstöðunni en af einhverjum ástæðum bárust engi svör við henni og er líklegt að mistök hafi orðið í fyrirlögn könnunarinnar en þetta kom einnig svona út í fyrra og verður það kannað með aðilum frá Outcome.

Að mat foreldra eru allir svarendur ánægðir með starfseminna í Kátakoti en mat þeirra á líðan barnanna hefur ekki mælst jafn lág áður þó niðurstaðan flokkist sem mjög góð. Engar tillögur komu þó fram frá foreldrum um leiðir til að bæta líðan barnanna. Sjá niðurstöður í töflu 1 þar sem einnig er samanburður milli ára. Mikið ósamræmi er í svörum þessara tveggja spurninga en unnið verður að úrbótum í samræmi við textasvör foreldra og þau birt í meðfylgjandi umbótaráætlun.

Skýringu á A og B er að finna í kaflanum *Könnunin*.

Tafla 1

Ár	Spurning 5 – starfsemin	Spurning 7 (8 í fyrri könnunum) – líðan barnanna
2015	A 100% Niðurstaða mjög góð B 0	A 84,61% Niðurstaða mjög góð B 15,38%
2014	A 92,85% Niðurstaða mjög góð B 7,14%	A 92,85% Niðurstaða mjög góð B 7,14%
2013	A: 77,78% Niðurstaða viðunandi B: 22,22%	A: 85,17% Niðurstaða mjög góð B: 14,81%

Samanburður á spurningum 5 og 7/8 milli ára

Við flokkun á textasvörum foreldra var innihaldinu skipt í þrjú flokka, **aðstöðu, innra starf og starfsmenn**. Í svörum foreldra kemur fram mismunandi afstaða og sjónarmið á þeirri þjónustu sem veitt er í Kátakoti en svör varðandi aðstöðu skiluðu sér ekki, væntanlega vegna galla í spurningu í kannanakerfin. Varðandi innra starf var óskað eftir betri mat og meira frjálsræði og fjölbreytni í vali verkefna og eins að oftari væri farið í styttri ferðir um nágrenni lengdu viðverunnar. Eitt foreldri kvartar yfir því að einn starfsmaður væri of strangur.

Niðurstöðurnar sýna að allir þeir sem svara og eru að nýta sér lengdu viðveruna eru ánægðir með starfseminna en telja líðan barna sinna ekki eins góða og fram kom í könnuninni í fyrra. Þær breytingar sem unnið var með út frá könnuninni 2014 virðast ekki hafa dugað til að viðhalda þeirri ánægju sem þá hafði áunnist frá árinu þar á undan. Lagt var upp með að vinna áfram að aukinni fjölbreytni og aðstaða lagaðist til muna við það að lengda viðvera fékk allt húsnæðið sem er til umráða út af fyrir sig. Einnig var lagt upp með að óska eftir því við foreldra að láta vita um allar breytingar á nýtingu barnanna á þjónustunni í Kátakoti en það lagaðist að mati starfsmanna lítið.

Foreldrar sem nýta sér Kátakot munu áfram verða ynnir eftir viðhorfum sínum til þjónustunnar sem þar er veitt. Ákveðið hefur verið að gera kröfu um 50% svarþátttöku foreldra í könnun þessari til að unnið verði úr niðurstöðum hennar.

Niðurstöður


Nafn	Kátakot 2015 6.7.2015
Gerð virk	19.6.2015 - 10:01
Gerð óvirk	6.7.2015 - 14:17
Tímabil	19.6.2015 - 6.7.2015
Aðferð	Tölvupóstkönnun
Númer könnunar	26496

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	93
Fjöldi svarenda	38
Svöruðu ekki	55
Svarhlutfall	40,86%


1. Hvaða ár er barn þitt fætt? - Ef þú átt fleiri en eitt barn sem fædd eru á þessu ára bili svaraðu þá aðeins fyrir annað þeirra.

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
2005	3	8,11%	+/-8,80%
2006	14	37,84%	+/-15,63%
2007	5	13,51%	+/-11,02%
2008	15	40,54%	+/-15,82%
Alls	37	100%	




2. Ég nýti mér þjónustu lengdu viðverunnar í Kátakoti:

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	13	34,21%	+/-15,08%
Nei	25	65,79%	+/-15,08%
Alls	38	100%	



3. Ef þú ert ekki að nýta þjónustuna í Kátakoti eða hefur hætt að nýta þér hana, hver er megin ástæða þess?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Of kostnaðarsamt	2	8,33%	+/-11,06%
Ég er að nota önnur úrræði	3	12,50%	+/-13,23%
Ég hef ekki þörf fyrir þjónustuna	9	37,50%	+/-19,37%
Barnið fer með skólabílnum	0	0,00%	+/-0,00%
Barnið er orðið nógu sjálfstætt til að vera heima	8	33,33%	+/-18,86%
Annað, og þá hvað?	5	20,83%	+/-16,25%
Alls	27	100%	




:

- Barnið var ósátt og eina leiðin var að hætta
- Barnið vildi ekki fara í Kátakot, sagði eldri stráka stríða sér og einn leiðbeinandinn svo strangur.
- Barnið vildi hætta í Kátakoti og við fundum önnur úrræði.
- Barnið vill ekki vera í Kátakoti, unir sér ekki þar og finnst tíminn þar leiðinlegur. Svo ég get ekki nýtt þjónustuna.
- Og er a körfu/fótboltaæfingum til 1600 en þá er oftast einhver heima að taka a moti

4. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er mest ánægja og 1 minnst, hvernig upplifir þú aðstöðuna í Kátakoti?


	Fjöldi	5	4	3	2	1
Leiksvæði inni	0	0	0	0	0	0
Leiksvæði úti	0	0	0	0	0	0
Síðdegishressing	0	0	0	0	0	0
Leikföng	0	0	0	0	0	0



ATH- Hér virðist eitthvað hafa farið úrskeiðis í fyrirlögn könnunarinnar þar sem enginn hefur svarað.

5. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er mest ánægja og 1 minnst, hversu ánægð/-ur ert þú með starfseminu sem fram fer í Kátakoti?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
5	3	25,00%	+/-24,50%
4	5	41,67%	+/-27,89%
3	4	33,33%	+/-26,67%
2	0	0,00%	+/-0,00%
1	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	12	100%	



A 100% Niðurstaða góð

B 0%


6. Ef svar þitt við spurningu nr. 5 er á bilinu 1-3, hvaða breytingar vilt þú sjá á starfsemi Kátakots?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Svar:	3	100,00%	+/-0,00%
Alls	3	100%	

- Sjá samantekt

7. Á kvarðanum 1-5, þar sem 5 lýsir góðri líðan og 1 slæmri, hversu vel telur þú barni þínu líða í Kátakoti?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
5	4	30,77%	+/-25,09%
4	5	38,46%	+/-26,45%
3	2	15,38%	+/-19,61%
2	2	15,38%	+/-19,61%
1	0	0,00%	+/-0,00%
Alls	13	100%	



A 84,61% Niðurstaða góð

B 15,38%

8. Ef svar þitt við spurningu nr. 8 er á bilinu 1-3, hvað þarf að bæta í þjónustu og starfsemi Kátakots til þess að barni þínu líði betur?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Svar:	0	0,00%	+/-NaN%
Alls	0	100%	

Engar tillögur komu fram

9. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Svar:	3	100,00%	+/-0,00%
Alls	3	100%	

Sjá samantekt.

Umbótaáætlun 2015 - 2016

Fyrirhugaðar breytingar	Hvenær unnið
Haldið verður áfram að vinna að innra starfi Kátakots með það að leiðarljósi að auka á fjölbreytni í starfi barnanna.	Við undirbúning vetrarstarfsins
Lögð verður áhersla á að starfsmenn Kátakots vinni í nanda Uppeldis til ábyrgðar	Við undirbúning vetrarstarfsins
Kynning til foreldra í skólasetningarviðtölum að hausti á mikilvægi þátttöku þeirra í viðhorfakönnunum	Haust 2015
Kynning til foreldra í skólasetningarviðtölum að hausti á mikilvægi þess að láta vita um allar breytingar á daglegri dvöl barnanna í Kátakoti.	Haust 2015